

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2022
UST202202-151/S.S.
04.01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - menntun og eftirlit - 333.mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun, þann 11. febrúar sl., til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 333. mál.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Um 3. gr.:

Stofnunin telur breytingu á 3. mgr. 8. gr. laganna vera jákvæða og til þess fallna að stuðla að skilvirkni. Stofnunin telur þó rétt að benda á að með frumvarpinu bætist einungis við gjaldtökuheimild fyrir Umhverfisstofnun hvað varðar skráningu rekstraraðila (sbr. 7. gr. frumvarpsins). Sé ætlunin sú að aðrir eftirlitsaðilar en Umhverfisstofnun sjái um skráningu, þá skortir gjaldtökuheimild fyrir þá aðila.

Um 5. gr.

Í 5. gr er gert ráð fyrir að á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, II. kafli A, *Sérákvæði um hollustuhætti*, með fjórum nýjum greinum, 18. gr. a – 18. gr. d, ásamt fyrirsögnum, Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemd við nýja **18. gr. d.**

d. (18. gr. d.)

Þjálfun, námskeið og próf.

Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum sem stofnunin metur hæfa á grundvelli þekkingar og reynslu að hafa umsjón með þjálfun, námskeiðum, endurmenntun og hæfnisprófum sem er fjallað um í þessum kafla.

Í kaflanum sérákvæði um hollustuhætti er fjallað um ýmsa þekkingu, hæfnispróf og fl. sem ákveðnir aðilar þurfi að standast. Eins og 18. gr. d. er orðuð virðist gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun eigi almennt að hafa yfirumsjón með þeim námskeiðum sem er fjallað um í kaflanum. Einnig mætti álykta sem svo af orðalagi greinarinnar að ef stofnunin noti ekki framangreinda heimild til þess að fela aðilum sem stofnunin metur hæfa til þess að hafa umsjón með námskeiðum o.fl. að stofnunin ætti að halda slík námskeið sjálf. Þeirri túlkun til stuðnings má vísa í 7. gr. frumvarpsins þar sem gjaldskrá stofnunarinnar er breytt á þann hátt að Umhverfisstofnun geti tekið gjald fyrir námskeið.

Umhverfisstofnun telur að með nýjum kafla laganna sé hlutverk stofnunarinnar, hvað varðar hollustuhætti og ábyrgð á námskeiðum vegna þess málaflökks, víkkað út. Stofnunin telur rétt að rýna hlutverk stofnunarinnar sérstaklega hvað þetta varðar m.t.t. þess að stofnunin fer aldrei með beint eftirlit með hollustuháttum. Stofnunin leggur því til að framangreint ákvæði 18. gr. d. verði felld út úr frumvarpinu.

Fram kemur það mat að frumvarpið hafi ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Stofnunin telur að rýna þurfi mat á kostnaðaráhrifum og gjaldtökuheimildir nánar og að meta þurfi kostnaðaráhrif 10. gr. frumvarpsins.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur